



## UMSÖGN

Varðar:

**Breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðarinnar nr. 34 við Barsónsstíg-  
Athugasemdir og svör**

**Tillagan var auglýst frá 26. júlí 2023 til og með 7. september 2023.**  
**Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:**

Helga Rún Guðmundsdóttir f.h Veitna ohf, dagsett 6. september 2023,  
Pétur Marteinn Tómasson f.h. Íbúðaráð Miðborgar og Hlíðar, dagsett 7. september 2023.

### **SAMANTEKT:**

Almennt ganga athugasemdir/umsagnir hagaðila út á:

- Veitur vilja koma á framfæri að það er einfalt fráveitukerfi á svæðinu og ekkert kerfi sem tekur við regnvatninu á þessu svæði
- Íbúðaráð Miðborgar og Hlíðar bendir á miða við teikningar og uppdrátt þá er verið að takmarkar nýtingarmöguleika lóð Vörðuskóla



## Efnislegar athugasemdir sem bárust eru í meginatriðum eftirfarandi:

### **1. Umsögn Veitna (orðrétt) vegna tillögu að deiliskipulagi Skólavörðuholt – Barónstígur 34 – Ævintýraborgir (orðréttar) frá Helga Rún Guðmundsdóttir f.h Veitna ohf, dagsett 6. september 2023:**

1.1. „Veitur hafa rýnt tillögu að deiliskipulagi fyrir Barónstíg 34. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðar ásamt stækkun á byggingarreit. Markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að hafa möguleika á að bæta viðbótareiningu við þann leikskóla sem áætlaður er innan núverandi byggingarreits, auk þess að stækka útileiksvæði leikskólans.

Veitur gera ekki athugasemdir við tillöguna en vilja koma á framfæri að einfalt kerfi fráveitu er á svæðinu og því ekkert regnvatnskerfi sem tekur við ofan vatni. Veitur benda því á að gagnlegt væri að nýta blágrænar ofan vatnslausnir þar sem þeim er viðkomandi Veitur óska eftir góðu samráði við á öllum stigum skipulags, hönnunar og framkvæmda”

**Svar:** Þakkað er fyrir umsögnina og Reykjavíkurborg mun vera í samráði við Veitur á öllum stigum skipulags, hönnunar og framkvæmda og reynt verður að vinna í útfærslu á blágrænum lausnum eins og hægt er á þessu svæði.

### **2. Umsögn íbúðaráðs Miðborgar og Hlíðar (orðrétt) vegna tillögu að deiliskipulagi Skólavörðuholt – Barónstígur 34 – Ævintýraborgir frá Pétur Marteinn Tómasson f.h. íbúðaráð Miðborgar dagsett 7. september 2023**

2.1. „Á fundi Íbúðaráðs Miðborgar og Hlíða 24. ágúst sl. var undirrituðum falið að koma athugasemdum ráðsins við deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholt - Barónsstígur 34 - Ævintýraborgir á framfæri. Athugasemd ráðsins er eftirfarandi:

„Miðað við fyrirliggjandi teikningar er ekki mikið pláss eftir fyrir skólalóð við Vörðuskóla. Ekki virðist hafa verið tekin ákvörðun um safnskóla í Vörðuskóla en ef af slíkum skóla verður mun einnig þurfa að gera ráð fyrir skólalóð fyrir þann skóla. Það er áhyggjuefni ef breytt deiliskipulag takmarkar nýtingarmöguleika Vörðuskóla.“

**Svar:** Samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir nýjan leikskóla er einnig verið að stækka lóðina svo hún nýtist sem best bæði fyrir fyrirhugaðan leikskóla og einnig fyrir Vörðuskóla, í dag er lóðin nýtt aðallega undir bílastæði. Það er engin starfsemi í Vörðuskóla í dag og ekki liggur fyrir hvaða starfsemi verur þar í framtíðinni. Hugað verður vel að því að nýta lóðina vel og passað verður vel upp á að hanna og útfæra sem best leikskólalóðina við leikskólann og það ætti ekki að skerða nýtingarmöguleika Vörðuskóla í framtíðinni.

Vill einnig benda á að í 5. gr. reglugerðar nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla er talið upp hvað telst til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í leikskólum þar stendur í g. lið „afmörkuð og skipulögð skólalóð með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leik- og námsaðstöðu með tilliti til mismunandi aldurshópa og þarfa, þ.m.t. þarfa fatlaðra barna“.

**Niðurstaða:** Lagt er til að deiliskipulagsbreytingartillagan verði samþykkt óbreytt.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Marta María Jónsdóttir

verkefnastjóri / landslagsarkitekt